

Umsögn og athugasemdir um aðgerðaáætlanir verkefnahópa

um læsi, starfsmenntun og námstíma

Aðgerðaáætlanirnar eru almennt skýrar og vel fram settar. Hins vegar þarf að gæta þess að textinn sé ekki of langur heldur hnitmiðaður. Miklu máli skiptir að markmiðin séu mælanleg svo unnt sé að meta árangur. Tekið er á málum sem ekki hafa áður verið í forgangi og nauðsynlegt að hlúa að þeim. Það er mikilvægt, til þess að þær aðgerðir sem kynntar eru nái fram að ganga, að ríkið og sveitafélög séu samstíga í sínum áætlunum og tilbúin að setja fjármagn í verkefni og fylgja þeim eftir.

Hér á eftir eru athugasemdir/umsagnir sem fulltrúar í stjórnnum Skólameistarafélags Íslands (SMÍ) og Félags íslenskra framhaldsskóla (FÍF) vilja koma á framfæri.

Læsi

Tillögurnar eru ítarlegar og fela í sér meiri stefnu en markmið. Skerpa mætti betur á hverjir eru ábyrgðaraðilar þeirra markmiða/stefnu sem sett eru fram. Lítið er fjallað um þátt náms- og starfsráðgjafa sem ættu að gegna veigamiklu hlutverki í að efla læsi í skólakerfinu, þ.e. á öllum skólastigum.

Talað er um að leggja áherslu á lestur á öllum skólastigum. Snemmtæk íhlutun er af hinu góða en öllu skiptir að eftirfylgni sé mikil í gegnum alla skólagönguna, ekki bara í fyrstu bekkjum grunnskólans. Enn fremur þarf að tryggja að nemendur fái þjálfun og ráðgjöf við hæfi í grunnskólanum þannig að tryggt sé að þeir séu tilbúin í að færast á næsta skólastig. Athygli vekur að lítið er fjallað um hlutverk framhaldsskólans og aðkomu hans að eflingu læsis.

Tryggja þarf fjármagn í verkefnið, þ.e. ráðningu 10 ráðgjafa sem myndu leiðbeina skólum. Auk þess þarf að fjölga námskeiðum um læsi og fjölga sérfræðingum sem skima nemendur í skólakerfinu, einkum og sér í lagi í grunnskólanum.

Starfsmenntun

Aðgerðaáætlunin dregur upp nokkuð skýra mynd af þeim efnispáttum sem taka þarf á í starfsnámi. Hægt er að taka undir þær tillögur sem settar eru fram, sumar nýjar og aðrar gamlar. Við fyrstu sýn er tímaramminn nokkuð þröngur fyrir sum markmiðin og nauðsynlegt er að vera viðbúin að veita svigrúm frá tímamörkum. Fara þarf betur yfir textann með tilliti til málfars og gera innganginn markvissari. Það er einnig mikilvægt að samræða fari fram við forsvarsmenn atvinnulífsins um markmið og stefnu starfsnáms í náinni framtíð.

Starfsgreinaráðin gegna veigamiklu hlutverki í þróun og uppbyggingu starfsnáms. Því er mikilvægt að þau séu dýnamísk (og sveigjanleg) og endurspegli aldursdreifingu og kynjaskiptingu starfsgreina eins og kemur fram í tillögunum. Hins vegar er mikilvægt að innan starfsgreinaráðanna séu líka fulltrúar framhaldsskólanna sem hafi kennslureynslu af viðkomandi grein/um. Sjónarmið framhaldsskólans hefur oft vantað þegar málefni tengd skólunum eru til umræðu í starfsgreinaráðunum. Enn fremur þarf að tryggja að mál séu ekki að fara fram og til baka í stjórnsýslunni heldur séu afgreidd fljótt og vel.

Hvað varðar að byggja upp miðlæga upplýsingaveitu fyrir starfsnám þá ætti hún að rúmast í upplýsingaveitu um framhaldsskólann sem þörf er á að verði komið á fót. Líta mætti til Danmerkur í þeim efnum.

Tekið er undir að kynna þurfi starfsgreinar betur í grunnskólum landsins. Í því sambandi er nauðsynlegt að skoða hvort ekki sé grundvöllur að halda Íslandsmót iðngreina/starfsgreina árlega en ekki á tveggja ára fresti. Vinna þyrfti þá náið með SA og SI að skipulagi þess viðburðar.

Námstími

Aðgerðaáætlun um námstíma er vel ígrunduð og tekur vel á þeim þáttum sem þarf að huga að, s.s. skuldbindingu nemenda og skóla, brotthvarfi, o.fl. Sum þeirra markmiða, sem fram eru sett, eru nokkuð brött og mikilvægt er að stjórnvöld séu meðvituð um að stór hluti framhaldsskólanemenda muni ekki ljúka námi á tilskildum tíma. Þetta eru nemendur sem koma upp úr grunnskóla án þess að hafa lokið tilskildum árangri. Lagt er til að Mennta- og menningarmálaráðuneytið kortleggi þennan hóp í samvinnu við sveitafélögin þannig að hægt sé að átta sig á umfanginu svo að skólar séu viðbúnir því að ákveðið hlutfall nemenda ljúki ekki námi á tilskildum tíma. Við innleiðingu þriggja ára stúdentsprófsbrauta er gert ráð fyrir að nemendur grunnskólans hafi lokið grunnáföngum í kjarnagreinum (íslensku 103, stærðfræði 103, dönsku 103 og ensku 103) þegar þeir innritast í framhaldsskólann. Tryggja þarf að MMR og sveitafélögin vinni saman að því að allir nemendur grunnskólans hafi lokið þessum áföngum þannig að þeim sé gert kleift að ljúka stúdentsprófi á þremur árum.

Í markmiði 1 er talað um að sett verði á samræmd próf við lok 9. bekkjar grunnskóla til að meta hvort nemandi geti hafið nám í framhaldsskóla. Hér mætti einnig skoða þann möguleika að skóli geti metið hvort nemandi uppfylli skilyrði til inntöku byggða á námsárangri í kjarnagreinum og öðrum almennum greinum í stað samræmds prófs.

Í markmiði 1c er talað um að vinna sérstaklega gegn því að nemendur endurtaki námsefni frá fyrra skólastigi (afturhverft rof). Hér þarf að gæta að því að framhaldsskólar vilja í mörgum tilfellum leggja mikinn metnað í að undirbúa nemendur sem best fyrir háskólanám og þá stendur þeim til boða að kynnast námsefni á næsta skólastigi. Þetta val má ekki hverfa heldur eiga skólar að hafa frjálssar hendur með hvað er í boði fyrir nemendur. Afturhverft rof mun alltaf vera til staðar þar sem hluti grunnskólanemenda hefur ekki lokið námsefni grunnskólans og þá er óumflýjanlegt að gera kröfu um að ljúka því í framhaldsskóla.

Í markmiði 2a er nóg að tala um fjölbreytt námsmat og sleppa að vægi lokaprófa séu óveruleg. Ef námsmat er fjölbreytt verður vægi lokaprófa óverulegt.

Í markmiði 3 er lögð áhersla á að minnka brotthvarf nemenda úr námi. Nauðsynlegt er að huga að styrkjakerfi líkt og þekkist á Norðurlöndum sem gerir nemendum kleift að stunda nám án þess að þurfa að vinna of mikið með náminu. Í grein nr. 51 í lögum um framhaldsskóla er kveðið á um að í fjárlagafrumvarpi sé tilgreind sú upphæð sem mæta eigi kostnaði nemenda vegna námsgagna. Hér þarf að huga að því að ríkið komi meira til móts við nemendur og veiti styrk til námsgagnakaupa líkt og tíðkast í nágrannalöndunum. Námsgagnakostnaður er mikill og kallar á aukna vinnu með skóla og slík ráðstöfun gæti minnkað brotthvarf.

Orðið velferðarþjónusta kemur fyrir í 3a og er fagnaðarefni að talað sé um að veita nemendum sálfræðiráðgjöf. Velferðarþjónusta er mjög víðtækt orð og í því samhengi mætti bæta við að allir nemendur framhaldsskólans ættu kost á fríum hádegismat.

Í markmiði 4b er lagt til að komið verði á miðlægrri upplýsingaveitu um framboð fjarnáms og í 4d að stofnuð verði upplýsingagátt um námsleiðir á framhaldsskólastigi. Hér ætti að vera hægt að koma á einni upplýsingaveitu um framhaldsskólanám á Íslandi, þ.e. bóknám, starfsnám, dreifnám, fjarnám, o.fl. sem getur átt við. Danska leiðin virðist ákjósanlegur kostur.

Menntunarúræði eru jafnframt mikilvæg í samspili bótakerfis (atvinnuleysis, alls konar styrkjamál og örorku) og endurhæfingar. Nám er vinnandi vegur var þrátt fyrir allt aðgerð sem byggði á slíkum hugmyndum og á að þróa áfram í samvinnu skóla og viðeigandi stofnana. Slíkt gæti flýtt fyrir menntun ákveðins hóps sem hefur horfið úr námi á liðnum árum.

Lokaorð

Fagna ber þeim tillögum sem hafa verið lagðar fram og nái þær fram að ganga geta þær eftt menntun og þróun menntakerfisins á Íslandi. Hins vegar þurfa stjórnvöld að vera viðbúin því að aðgerðirnar taki lengri tíma en kemur fram í tillögunum.

Reykjavík, 16. febrúar 2015

Fyrir hönd SMÍ og FÍF



Steinn Jóhannsson